

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Vigfús Björnsson
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
605 Akureyri

Reykjavík 14. október 2020
UST202010-042/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 - 2020 - Geldingsá

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Svalbarðsstrandarhrepps er barst 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020 vegna íbúðarbyggðar og ferðaþjónustusvæði í landi Geldingsár.

Í greinargerð kemur fram að landbúnaðarlandi er breytt í þrjú svæði undir íbúðarbyggð, fyrir nýu einbýlishús og undir eitt verslunar- og þjónustusvæði, fyrir allt að fimm gistiskála. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir því að frístundasvæði F5 minnki úr 28,8 ha. í 28,0 ha.

Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess, að það komi fram í greinargerð hvert byggingarmagn íbúðarsvæðanna er og að settir séu skilmálar um mænishæð bygginga á svæðunum.

Í greinargerð kemur fram að ekki eru settir sérstakir skilmálar um útlit og yfirbragð byggðar umfram almennar kröfur.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir framkvæmdum á frekar óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Íbúðarsvæði utan þéttbýlis


Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæða utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Um markmið 3.2 í landsskipulagsstefnu, segir einnig að stefnt er að þéttingu byggðar með því m.a. að skilgreina vaxtarmörk þéttbýlisstaða og standa á þann hátt vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Lögð er áhersla á að blanda atvinnustarfsemi og tengja hana íbúðarbyggð, stytta vegalengdir vegna daglegra athafna og lækka þannig kostnað samfélagsins vegna innviða, svo sem gatna og veitukerfa.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur